

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Rio Tinto á Íslandi Hafnarfjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	14.11.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Einar Halldórsson
Fyrirtæki	Rio Tinto á Íslandi	Eftirlitsmaður	Sigurður Ingason
Heimili	Straumsvík	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	6804660179	Flokkur	Ál
Fulltrúi fyrirtækis	Guðrún Þóra Magnúsdóttir	ÍSAT nr.	24.42.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	352084,248 397144,812

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í seinna eftirlit ársins hjá Rio Tinto á Íslandi. Fram kom eitt frávik frá starfsleyfi.

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var í seinna eftirlit ársins hjá Rio Tinto á Íslandi. Byrjað var á fundi þar sem farið var yfir ákvæði í starfsleyfi. Rætt var um urðun stórsekkja í flæðigryfju. Ryk sem ekki er hægt að nýta er urðað í stórsekkjum í flæðigryfju álversins en ekki er víst hvort að pokarnir sjálfir brotni niður. Stofnunin hefur ekki sett sig gegn þessu fyrirkomulagi þar sem mikil rykmyndun yrði ef sturtað yrði úr pokunum.

Rekstraraðili hafði samband við stofnunina þann 31. ágúst sl. og kom því á framfæri að ryk frá löndunarbúnaði hafi verið yfir viðmiðunarmörkum við síðustu löndun. Skv. rekstraraðila fór í gang ferli til að kanna hvað olli þessum háa útblæstri og vonast var til þess að ryk kæmist undir viðmiðunarmörk aftur. Búið er að fjárfesta í nýjum löndunarbúnaði og er væntanlegur til landsins á þessu ári. Uppsetning búnaðarins hefst á næsta ári og er miðað við að hann verði tekinn í notkun um mitt næsta ár.

Rætt var um ryk frá skautsmiðju en ef horft er á loftmynd af verkmsiðjувæðinu má sjá svart ryk á þökum skálans. Skv. rekstraraðila er líklega um ryk frá hulsuhreinsivél að ræða. Skv. innri mæliáætlun er ekki gerð krafa um mælingar í skautsmiðju en mælt er á tveim stöðum í skautskála. Eftirlitsaðili kom því á framfæri að þetta yrði skoðað við næstu endurskoðun á mæliáætlun.

Farið var yfir tilraun með endurnýtingu síupoka en stofnunin gaf leyfi fyrir brennslu á 20 notuðum síupokum í kerum álversins fyrr á árinu. Um 75% af þyngd hvers notaðs síupoka er súrál sem hægt er að rafgreina í kerunum. Ekki hefur verið leyft að nota þessa aðferð til frambúðar en málið er í vinnslu hjá stofnuninni.

Rætt var um opinn kynningarfund en enginn fundur fór fram á þessu ári þar sem slök mæting var á kynningarfundinn árið 2017 og ekki talin ástæða til þess að halda hann á þessu ári. Umræður um opna kynningarfundinn verða teknar upp á næsta samráðsfundi.

Að lokum var farið í skoðunarferð í kerskála. Að beiðni eftirlitsaðila var brennsla á síupokum skoðuð í tveimur kerum. Málið er sem fyrr segir í skoðun hjá stofnuninni. Að lokum var farið að geymslúsvæði þar sem úrgangsolútuinn stóðu í síðasta eftirliti og staðfest að búið var að koma þeim á viðeigandi svæði þar sem merkingar eru til staðar.

### Frávik frá

### Lýsing á frávik

grein 2.4

Rekstraraðili hafði samband við stofnunina þann 31. ágúst sl. og kom því á framfæri að ryk frá löndunarbúnaði hafi verið yfir viðmiðunarmörkum við síðustu löndun. Búið er að fjárfesta í nýjum löndunarbúnaði sem kemur til landsins í lok ársins. Uppsetning búnaðarins hefst á næsta ári og er miðað við að hann verði tekinn í notkun um mitt næsta ár. Umhverfisstofnun tekur þessa úrbótaáætlun gilda og miðar við að uppsetningu verði lokið fyrir 1. júlí 2019.

- 1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2** Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 04.01.2019



Einar Halldórsson





